

**Stofnmæling botnfiska  
á Íslandsmiðum 1994  
Icelandic Ground  
Fish Survey 1994**

**- Rannsóknaskýrsla -  
Survey report**

**Einar Jónsson, Björn Æ. Steinarsson,  
Gunnar Jónsson, Gunnar Stefánsson,  
Ólafur K. Pálsson, Sigfús A. Schopka**



## Efnisyfirlit

	bls.
1. Inngangur.....	3
2. Gagnasöfnun.....	3
3. Niðurstöður.....	3
3. 1. Umhverfispættir .....	3
3. 2. Aldursdreifingar .....	4
3. 3. Meðalþyngd eftir aldri .....	5
3. 4. Kynþroski eftir aldri .....	5
3. 5. Lengdardreifingar .....	6
3. 6. Útbreiðsla .....	11
3. 7. Stofnvísitölur.....	15
3. 8. Lengdar- þyngdarsamband þorsks, ýsu og ufsa.....	19
3. 9. Holdastuðull þorsks .....	22
3.10. Lifrarhlutfall og slægð þyngd þorsks .....	23
4. Helstu niðurstöður.....	24
Heimildarit.....	26
Töflur .....	27
Myndir .....	39



## 1. Inngangur

Rannsóknaleiðangurinn "Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum 1994" fór fram 3.-15. mars. Til verksins voru leigðir 5 togarar, Bjartur NK 121, Brettingur NS 50, Múlaberg ÓF 32, Rauðinúpur ÞH 160 og Vestmannaey VE 54. Teknar voru 596 togstöðvar á landgrunninu allt umhverfis landið niður á 500 m dýpi og að miðlínu milli Íslands og Færeyja.

Um nánari tilhögun þessara rannsókna er vísað í "Handbók um Stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum 1994", sbr. skrá um heimildarrit.

## 2. Gagnasöfnun

Skráðar tegundir fiska og hryggleysingja reyndust 76 talsins eða um 770 þúsund dýr. Lengdarmældar voru 45 fisktegundir, alls rúmlega 290 þúsund fiskar, þar af um 40 þúsund þorskar, 52 þúsund ýsur, 54 þúsund gullkarfar, 49 þúsund skrápflúrir og um 21 þúsund steinbítar. Tólf tegundir voru kyngreindar. Kvörnum til aldursgreininga var safnað af 13 tegundum, þar á meðal þorski, ýsu og ufsa, alls 10970 kvarnasýni (sjá 1. töflu).

Umfangsmikil vigtun fisks hófst í þessum leiðangri og beindist einkum að þorski, ýsu og ufsa. Flestir kvarnaðir fiskar þessara tegunda voru einnig vigtaðir óslægðir og slægðir auk þess sem lifur var vegin. Alls voru 6943 fiskar vigtaðir.

Fæða þorsks var rannsökuð og fór úrvinnsla fæðusýna fram jafnharðan í leiðangrinum. Helstu tegundir bráðar voru greindar, fjöldi dýra ákvarðaður og magn vegið og fiskbráð og rækja lengdarmæld. Fæðusýnum var safnað á 2 stöðvum í hverjum reit, samtals úr 4476 þorskum. Þetta verkefni er liður í sérstakri áætlun um fjölstofnarannsóknir.

Smáþorski og sandkola var safnað á fjórum svæðum við landið til mælinga á mengandi efnunum.

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir nokkrum niðurstöðum um líffræðilega þætti og stofnvísitölur þorsks og ýsu. Ennfremur er gerð grein fyrir lengdardreifingum, útbreiðslu og stofnvísitölum allmargra annarra fiskstofna.

## 3. NIÐURSTÖÐUR

### 3.1. Umhverfisþættir

Hitastig sjávar við botn og í yfirborði var mælt í leiðangrinum. Á 1. mynd og í 2. töflu má sjá meðalhita úr þessum mælingum á þeim tíma sem verkefnið hefur staðið yfir, þ.e. á árabílinu frá 1985-1994. Á 2. mynd má ennfremur sjá dreifingu botnhita í kringum landið í stofnmælingarleiðangrinum 1994. Hitastig sjávar í mars 1994 er yfirleitt hærra en það var á sama tíma árið áður hvort heldur litið er til botn- eða yfirborðshita. Helsta undantekningin er yfirborðshitinn í Rósagarðinum sem er gráðu lægri en 1993. Þá er

botnhiti á Norðvesturmiðum og yfirborðshiti á Suðurmiðum örlítið lægri en 1993. Þetta síðastnefnda meðalhitastig á Suðurmiðum er reyndar lægst hitastig á þessu svæði fyrr og síðar frá upphafi stofnmælinga. Botnhiti á þessu svæði er hinsvegar mjög í hærra lagi. Yfirborðshitinn á Norðurmiðum er sá hæsti sem mælst hefur og yfirborðshiti á Norðvesturmiðum er nú einnig með hæsta móti. Hitastig sjávar 1993 vær í lægra lagi. Hlýnun sjávar á árinu 1994, sem ekki er þó einsleit eins og að framan er getið, gerir þó vart meira en nálgast meðallag þegar á heildina er litið. Þannig eru botnhiti undir meðallagi á 4 svæðum af 6 og eins er farið með yfirborðshita.

Veðurfar í mars 1994 á meðan rannsóknirnar stóðu yfir var misjafnt og rysjótt á köflum. NA átt var ríkjandi (3. tafla) og nokkrar smábrætur gengu yfir með veðurhæð yfir 30 hnúta (4. tafla). Þessi bræluskot ollu þó litlum sem engum frátöfum þar sem skipin voru stödd við stöðvatöku innfjarða þegar þau gengu yfir.

### 3.2. Aldursdreifingar

#### *Þorskur*

Á 3.-5. mynd er sýnd aldursdreifing eins til tíu ára þorsks á öllu rannsóknasvæðinu og eftir svæðum 1985-1994. Undanfarin ár hafa árgangar 1983-85 verið mest áberandi og reyndar uppistaðan í þorskstofninum hér við land. Á árunum 1985 og 1986 var eins til þriggja ára smáþorskur af þessum árgöngum mjög áberandi á norðursvæði. Þessum þremur árgöngum má fylgja eftir í gegnum stofninn á árunum 1987 til 1989 á norðursvæði. Árið 1990 minnkaði hlutdeild þeirra mjög og eru þeir nú að mestu horfnir af þessu svæði. Ennfremur má sjá að engir áberandi sterkir árgangar hafa bæst í stofninn sem eins og tveggja ára fiskur síðustu 6 árin. Þó kemur árgangur 1989 ívið skár út á norðursvæði árið 1992 sem þriggja ára fiskur en fyrri vísbendingar gáfu til kynna. Aldursdreifingin árið 1994 verður að teljast sú lakasta sem sést hefur, og er jafnvel enn lakari en árið 1990.

Aldursdreifing þorsks á suðursvæði er nánast andhverfa aldursdreifingarinnar á norðursvæði þ.e. mest er um eldri fisk á fyrrnefndu svæði en yngri á því síðarnefnda. Á árunum 1985 til 1987 er aldursdreifing tiltölulega jöfn. Þó má sjá árgangana 1983 og 1984 í nokkru magni sem tveggja og þriggja ára fisk þegar árið 1986. Hlutdeild þessara árganga og árgangs 1985 vex mjög á árunum 1988 og 1989. Hlutdeild árgangs 1983 minnkaði síðan talsvert 1990 (7 ára) og 1991 (8 ára). Árgangur 1984 stóð hins vegar í stað sem 7 ára árið 1991 og má rekja það til þorskgöngu frá Grænlandi árið 1990. Ekki virðist hafa komið nein viðbótarganga árið 1991 sem menn höfðu þó vonast til og ekki er að sjá nein merki þess í stofnmælingum árin 1992-94. Nú er svo komið að á suðursvæði einkennist aldursdreifing stofnsins alfarið af lélegum árgöngum. Aldursdreifingin 1994 líkist einna helst ástandinu við upphaf tímabilsins. Þó er hlutdeild eldri fisks enn lakari en var árið 1985.

#### *Ýsa*

Á 6.-8. mynd er sýnd aldursdreifing eins til tíu ára ýsu í stofnmælingum 1985-1994. Undanfarin ár hafa árgangar 1984 og 1985 verið uppistaðan í ýsustofninum. Þessum

árgöngum einkum árgangi 1985 má fylgja eftir í gegnum stofninn einkum á suðursvæði en einnig á norðursvæði árin 1986 til 1988. Í stofnmælingunni 1990 einkenndist aldursdreifing ýsunnar einkum á norðursvæði af heldur jafnari árgangastærð eins til sjö ára ýsu. Á suðursvæði var 5 ára ýsa af árgangi 1985 enn áberandi. Jafnframt var eins árs ýsa af árgangi 1989 í talsverðu magni. Á árinu 1991 voru tveir yngstu árgangar stofnsins yfirgnæfandi í fjölda. Þessir árgangar frá árunum 1989 og 1990 komu svo enn betur fram í stofnmælingunni 1992 og 1993. Sérstaklega er árgangurinn frá 1990 sterkur og hann er ennþá áberandi 1994 sem fjögurra ára fiskur.

### 3.3. Meðalþyngd eftir aldri

#### *Þorskur*

Meðalþyngd þorsks á suðursvæði er í mikilli uppsveiflu í öllum aldursflokkum tveggja til níu ára fisks á árinu 1994 (9. mynd, 5. tafla). Þannig er meðalþyngd fjögurra og níu ára þorsk sú mesta sem sést hefur í stofnmælingunni og þyngd 7 til 8 ára fisks með því besta sem sést hefur. Eftir lögð í meðalþyngd um og upp úr 1990 er meðalþyngd þorsks á þessu svæði nú kominn vel yfir meðallag í öllum aldursflokkum og reyndar metþyngd hjá tveimur aldursflokkum sem áður getur.

Á norðursvæði er einnig um sömu uppsveiflu að ræða hjá þorski tveggja til sex ára (10. mynd). Þyngd 7 til 9 ára fisks á þessu svæði hefur verið í nokkurskonar meðaljafnvægi undanfarin ár og er það enn á árinu 1994. Hjá tveggja og fjögurra ára fiski er þyngd í hámarki á norðursvæði og annar fiskur 6 ára og yngri vel þungur sem áður segir.

#### *Ýsa*

Meðalþyngd ýsu á suðursvæði eftir aldri reyndist mjög lág á árinu 1994 nema hjá tveggja ára ýsu sem er á svipuðu róli hvað þyngd varðar og verið hefur undanfarin 7 ár (11. mynd, 6. tafla). Þyngd fjögurra, 6, 7, 8 og 9 ára ýsu er í sögulegu lágmarki stofnmælinganna. Tvö önnur ár hefur sést lítillega léttari 5 ára ýsa sem er langt undir meðalþyngd árið 1994 svo og 3 ára ýsan 1994 þótt hún sé ekki eins afbrigðilega létt.

Á norðursvæði er svipað uppi á teningnum með ýsuna hvað þunga varðar. Átta og níu ára ýsa er þó vel í meðallagi þung (12. mynd) en þar sem hlutdeild þessara árganga í sýnum er sáralítill á norðursvæði skal forðast að leggja of mikið upp úr þeim gildum. Þriggja, fjögurra, 5 og 7 ára ýsa er hinsvegar í sögulegu lágmarki (stofnmælinga) á þessu svæði hvað þunga varðar. Undantekningin frá þessu er 6 ára ýsan sem er vel í meðallagi á norðursvæði 1994. Eins og á suðursvæði er þyngd tveggja ára ýsu í meðallagi og reyndar þyngri en sami aldursflokkur hefur verið á þessu svæði um árabíl.

### 3.4. Kynþroski eftir aldri

#### *Þorskur*

Á suðursvæði hefur kynþroskahlutfall fjögurra og fimm ára þorsks aldrei verið jafn hátt. Kynþroskahlutfall 6 ára þorsks og eldri er einnig hærra en undanfarin ár (13. mynd, 7.

tafla).

Á norðursvæði hefur kynþroskahlutfall þorsks alltaf verið sveiflukenndara en á suðursvæði (14. mynd). Kynþroskastig 7 til 10 ára þorsks er hið sama 1994 og árið á undan en 8 ára þorsks miklu hærra á meðan kynþroskahlutfall 9 ára þorsks er miklu lægra 1994 en 1993.

*Ysa*

Á suðursvæði er kynþroskahlutfall tveggja til fimm ára ýsu aðeins lægra en 1990 en þá náði það hámarki (15. mynd, 8. tafla). Kynþroskahlutfall tveggja ára ýsu 1994 er það næsthæsta sem mælst hefur en hámarkið varð árið 1990. Kynþroskahlutfall 4 til 8 ára ýsu er svipað og undanfarin ár.

Á norðursvæði er kynþroskahlutfall ýsu breytilegt að venju (16. mynd). Kynþroskahlutfall 4 til 6 ára ýsu er svipað og nokkur næstu ár á undan en hlutfall 7-9 ára ýsu er vel þar fyrir ofan og eins og það var árið 1989.

### 3.5. Lengdardreifingar

Lengdardreifingar sýna meðalfjölda fiska á togmílu fyrir hvern centimetra sem fiskurinn dreifist á. Lengdardreifingar þorsks, ýsu og gullkarfa eru sýndar á tveimur svæðum, annarsvegar á norðursvæði, sem nær frá Bjargtöngum norður um að Eystrahorni og hinsvegar á suðursvæði, sem nær yfir suður- og vesturhluta landgrunnins. Hjá öðrum tegundum á lengdardreifingin við um allt útbreiðslusvæði viðkomandi tegundar.

*Þorskur*

Lengdardreifing þorsks á norður- og suðursvæði er sýnd á 17. mynd. Á árunum 1985 og 1986 bar talsvert á þorski á bilinu 0-20 cm og 20-30 cm., þ.e. eins árs og tveggja ára þorski af árgöngunum 1983 og 1984. Frá árinu 1987 ber mjög lítið á eins árs þorski þ.e. þorski sem er um 10-15 cm að lengd. Lengdardreifing þorsks úr stofnmælingu árið 1994 er frábrugðin lengdardreifingunni undanfarin ár að því leyti að nú bar aftur nokkuð á eins árs þorski. Annað sem er athyglisvert þegar skoðuð er lengdardreifing tímabilið 1985-1994 á norðursvæði er hve fjöldi fiska á togmílu hefur minnkað undanfarin ár miðað við upphaf rannsóknatímans.

Á suðursvæði einkennist lengdardreifing aflans af því að tiltölulega lítið er af smáfiski á þeirri slóð. Mest er af fiski á bilinu 60-80 cm flest árin en árin 1985 og 1986 fengust nokkrir smærri þorskar einnig á suðursvæði. Engin nýliðun var því á suðursvæði árin 1987-92. Aðeins örulaði á smáfiski 1993 og lengdardreifingin 1994 á suðursvæði sker sig úr að því leyti að í fyrsta sinn verður vart við eins árs þorsk þar í einhverjum mæli. Þróunin á suðursvæði er svipuð og á norðursvæði að fjöldi fiska á togmílu hefur farið lækkanði síðan 1990.

*Ysa*

Árin 1985 og 1986 einkenndist lengdardreifing ýsu á norðursvæði af tveimur toppum,



annars vegar við tæplega 20 cm og hins vegar við 30 cm lengd (18. mynd). Hér var fyrst og fremst um árgangana 1984 og 1985 að ræða, sem reyndust mjög áberandi í ýsuveiðunum og lengdardreifingu ýsunnar næstu árin. Árið 1990 bar aftur á eins árs ýsu á norðursvæði en þar var stærsti toppurinn í lengdardreifingunni við 17 cm. Þessum árgangi var svo hægt að fylgja eftir á norðursvæði næstu árin og það sama gildi um árganginn frá 1990, sem kemur inn í lengdardreifinguna árið 1991 og myndar topp við 17 cm lengd. Þeim árgangi er hægt fylgja í lengdardreifingunni næstu árin og í stofnmælingu árið 1994 var þessi árgangur orðinn rúmlega 40 cm að lengd á norðursvæði. Á suðursvæði er myndin oft mjög áþekkt lengdardreifingu á norðursvæðinu. Þeir árgangar sem hafa reynst áberandi á norðursvæði eru enn sterkari á suðursvæði, enda er aðal útbreiðsla ýsunnar hér við land í hlýja sjónum sunnan- og vestanlands.

### *Lýsa*

Það er athyglisvert að lengdardreifing lýsu ár frá ári er mjög breytileg (19. mynd). Fyrsta athugunarárið (1985) verður nær ekkert vart við lýsu en árið eftir er toppur við 38 cm. Árið 1987 má greina þrjá toppa í lengdardreifingu lýsu, þann fyrsta við 15 cm, annan við 24 cm og þann þriðja við 33 cm. Þessir toppar eru nánast horfnir árið 1988 en þá er kúfurinn við 38 cm. Lengdardreifing 1989 er svipuð og árið 1988 og er kúfurinn nú í 42 cm. Það ár ber aftur á móti ekkert á smálýsu. Árið 1991 er kúfurinn, sem var á milli 40 og 50 cm horfinn en aðeins vottar fyrir lýsu um 25 cm að lengd. Þarna virðist mega fylgja einum árgangi því að þessi toppur er meira áberandi árið eftir við 32-33 cm að lengd. Það ár verður einnig vart við toppinn um 28 cm og árið 1993 er sá toppur kominn í 33 cm og enn má fylgja honum eftir árið 1994 í 37 cm lengd.

### *Gullkarfi*

Á 20. mynd er sýnd lengdardreifing gullkarfa á tveimur svæðum 1985-1994. Almennt má segja að toppurinn í lengdardreifingu karfa sé á bilinu 30-40 cm og gildir það um allt tímabilið. Á norðursvæði má sjá hvernig nýliðun ákveðinna árganga kemur fram einstök ár sem smátoppur sem færast um 3-4 cm á ári og hverfur að lokum inn í meginlengdardreifinguna. Þetta sést glögg árið 1986 en þá ber örlítið á karfaseiðum sem eru um 7-8 cm á lengd. Þessi toppur er nálægt 9 cm árið eftir og um 12 cm árið 1988 og enn má fylgja honum næstu árin. Árið 1991 kemur aftur fram nýr árgangur sem myndar topp við 9 cm lengd og má fylgja honum eftir næstu ár og er hann um 15 cm árið 1994. Þessi nýliðun kemur þó ekki fram á suðursvæði en karfi smærri en 25 cm er þar í mjög litlum mæli.

### *Djúpkarfi*

Talið er að meginútbreiðsla djúpkarfa sé utan við athafnasvæði stofnmælingarinnar. Þó varð nokkuð vart við djúpkarfa í fyrsta leiðangrinum árið 1985 og var lengdardreifing hans nær öll á lengdarbilinu 32-43 cm með toppi í 37 cm (21. mynd). Þessum toppi mátti fylgja næstu árin og var hann kominn um og yfir 40 cm árið 1989. Eftir það má segja að djúpkarfinn sé nánast horfinn af athugunarsvæðinu.

### *Litli karfi*

Lengdardreifing litla karfa árin 1985-1994 er sýnd á 22. mynd. Lengdarbil litla karfa er frá 10 cm og upp í 30 cm. Það breytist lítið ár frá ári og er hámarkið nær alltaf við 22-23 cm. Aðeins á árinu 1994 má greina annan topp í lengdardreifingunni við 13 cm lengd. Þótt stofnmælingin nái til alls útbreiðslusvæðis litla karfa er mikill breytileiki í magntölum frá ári til árs.

### *Steinbítur*

Lengdardreifing steinbíts á öllu athugunarsvæðinu er sýnd á 23. mynd. Í heild einkennist hún af tiltölulega jafnri hlutdeild fisks á bilinu 15- 60 cm. Mest er af fiski á bilinu 20-40 cm og á árunum 1985-1990 var annar kúfur í lengdardreifingunni við 60 cm. Þessum stærri steinbít hefur fækkað verulega hin allra síðustu ár. Líklegasta skýringin á minnkandi gengd stærri steinbíts má rekja til lakari nýliðunar á miðjum síðasta áratug. Nýliðun í steinbítstofninn er nú betri og sýnu best 1994 borið saman við fyrri ár.

### *Hlýri*

Lengdardreifing hlýra er sýnd á 24. mynd. Hlýri var ekki mældur í fyrsta stofnmælingaleiðangri árið 1985. Þegar tímabilið í heild er skoðað hefur magn hlýra stærri en 60 cm lítið breyst. Yfirleitt er toppur í lengdardreifingunni í kringum 60 cm. Árið 1989 kemur fram toppur við 12 cm sem ekki hafði sést árið áður. Árið 1990 má sjá topp aftur við 12 cm og annan við 20 cm. Sama gerist árið 1991 og það virðist unnt að fylgja þessum toppum eitthvað en þó hverfa þeir fljótlega inn í meginlengdardreifinguna. Topp við 12 cm má svo aftur sjá árin 1993 og 1994. Fjöldi hlýra á togmílu hefur nær tvöfaldast frá árinu 1989.

### *Langa*

Lengdardreifing löngu á öllu rannsóknasvæðinu árin 1985-1994 er sýnd á 25. mynd. Árið 1985 er toppur við tæplega 80 cm lengd og svipað er uppi á teningnum árið eftir. Sjá má að árið 1987 kemur nýr toppur fram um 60 cm og má fylgja honum eitthvað eftir næstu árin. Ekki er unnt að fullyrða að hér sé um ákveðinn árgang að ræða þar sem gögnin eru fremur rýr og aldursgreining ekki fyrir hendi. Árið 1991 er langa undir 50 cm lengd nær hverfandi en mest virðist af henni á bilinu 55-65 cm það ár. Afli á sóknareiningu fór lækandi allt til ársins 1993 en óx aftur árið 1994.

### *Blálanga*

Á 26. mynd er sýnd lengdardreifing blálöngu á öllu rannsóknarsvæðinu árið 1985-1994. Meginlengdardreifingin er á bilinu 20 til 80 cm en þó með mjög misjöfnum hætti frá ári til árs. Áberandi mest er af blálöngu á þessu lengdarbili árin 1988 og 1989. Lítið ber á stærri blálöngu en þó virðist vera tiltölulega meira af henni fyrstu 5 árin heldur en síðar og árið 1994 er blálanga af þessari stærð vart merkjanleg. Hafa ber í huga að rannsóknasvæði stofnmælingarinnar nær aðeins yfir lítinn hluta útbreiðslusvæðis blálöngu.

### *Keila*

Lengdardreifing keilu í stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum árin 1985-1994 er sýnd á 27. mynd. Keila var tiltölulega algeng fyrsta ár stofnmælingarinnar og má greina tvo toppa í lengdardreifingunni, annan um 35 cm og hinn um 50 cm. Árið eftir mátti sjá einn topp við 50 cm sem var enn meira áberandi árið 1987. Þessum toppum má fylgja eftir einnig 1988 og síðan dregur úr áhrifum þeirra.

Strax árið 1986 verður örlítið vart við smákeilu um 10 cm að stærð (árgangur 1985) og árið eftir er hann um 19 cm. Árið 1988 hefur toppurinn hliðrast í 23 cm og árið síðar í 28 cm. Árið 1990 er hann við 31-32 cm en eftir það er erfiðara að greina þennan árgang. Þó hér liggja ekki mikil gögn að baki er toppur þessi í samræmi við aðrar niðurstöður um aldursgreiningu og vöxt keilu (Sjá Magnússon, J.V. 1985). Ekki er að sjá að hin allra síðustu ár hafi komið áberandi árgangur í keilustofninn og virðist keiluaflinn fara minnkandi.

### *Skarkoli*

Það er athyglisvert að skarkoli undir 20 cm veiðist nær aldrei í stofnmælingunni (28. mynd). Meginlengdardreifing skarkolans er mjög jöfn frá ári til árs á bilinu 30-40 cm. Afli á togmílu var tiltölulega hár 1985 og fór síðan lækkandi og var árið 1987 kominn í um helming þess sem hann var árið 1985 og hefur nánast staðið í stað síðan.

### *Þykkvalúra*

Lengdardreifing þykkvalúru er sýnd á 29. mynd. Segja má almennt að lengdardreifing þykkvalúrunnar sé mjög áþekkt yfir tímabilið í heild. Yfirleitt er toppurinn á milli 30 og 40 cm og lítið er hægt að átta sig á nýliðun í þennan stofn. Stofnvísitölur og lengdardreifing benda eindregið til þess að hlutur stórrar þykkvalúru þ.e. fisks yfir 40 cm hafi farið minnkandi allt athugunartímabilið.

### *Langlúra*

Andstætt við skarkola og lúðu veiðist alltaf eitthvað af smárrí langlúru á bilinu 10-20 cm. Þar var toppur í lengdardreifingunni árið 1985 en aðaltoppurinn var við 36 cm (30. mynd). Árið 1986 mátti einnig sjá smá topp við 13 cm en aðalkúfurinn var við 37 cm lengd. Magn langlúru er ekki það mikið í stofnmælingunni að unnt sé að draga miklar ályktanir um raunverulega lengdarsamsetningu stofnsins. Þannig var t.d. árið 1988 mest af langlúru á bilinu 25-40 cm en einnig varð vart við smærri langlúru á bilinu 10-20 cm. Árið 1989-1992 verður sáralítið vart við smáa langlúru en kúfur aflans var á bilinu 30-40 cm. Aðeins örlar á smærri langlúru árið 1993 en þegar litið er til alls stofnsins þá hefur fjöldi langlúru á togmílu farið minnkandi á athugunarsvæðinu.

### *Stórkjafta*

Fyrsta árið í stofnmælingunni fékkst stórkjafta frá 15 cm og alveg upp undir 60 cm (31. mynd). Fjöldi mældra á togmílu var þó ekki meiri en svo að erfitt var að merkja einhverja toppa í lengdardreifingunni. Svipað má segja næstu tvö árin en þó má sjá móta fyrir kúf um 30 cm að lengd árið 1988. Er þessi kúfur alláberandi árið 1989 þá um 33 cm

lengd. Árið 1990 veiddust hins vegar mun færri stórkjöftur en árið 1989 og engan kúf að sjá í lengdardreifingu. Árið 1991 og 1992 örlaði á kúf á bilinu 33-35 cm. Magn stórkjöftu hefur stöðugt farið minnkandi og minnst varð vart við hana í stofnmælingaleiðangri árið 1994. Þá virðist sem nýliðun hafi farið síminnkandi allt athugunartímabilið.

#### *Sandkoli*

Lengdardreifing sandkolans er sýnd á 32. mynd. Langmestur hluti sandkolans er af stærðinni 20-40 cm. Aðeins árið 1986 veiddist nokkuð af stærri kola allt upp í 47 cm. Að undanteknu því ári er magn kolans frá ári til árs nokkuð áþekkt. Árið 1994 sker sig nokkuð úr að því leyti að magn smákolans er meira en hin árin. Þetta bendir til þess að nýliðun í sandkolastofninn sé góð.

#### *Skrápflúra*

Svipað má segja með skrápflúru (33. mynd). Lengdardreifing hennar hefur mjög lítið breyst á athugunartímabilinu á öllu rannsóknarsvæðinu. Skrápflúran er mestöll á lengdarbilinu 15-35 cm öll árin. Frá árinu 1990 hefur fjöldi ungskrápflúru farið vaxandi ár frá ári og er skrápflúra sem er rúmlega 20 cm að stærð algengust í stofninum um þessar mundir. Því virðist mega álykta að nýliðun í skrápflúrustofninn sé góð.

#### *Lúða*

Svipað og með skarkolann heyrir til algerra undantekninga að lúða minni en 30 cm að lengd veiðist í stofnmælingunni (34. mynd). Mestur var lúðuafinn árið 1985 og var sú lúða aðallega á bilinu 40-55 cm að stærð. Árið eftir bar meira á lúðu á bilinu 30-40 cm og gætti hennar einnig næstu tvö árin er hún var á bilinu 40-50 cm. Hins vegar var afli á togmílu talsvert lægri en árið 1985 og síðan 1990 hefur hann minnkað verulega á athugunarsvæðinu. Engin merki er að sjá um nýliðun sem máli skiptir fyrir lúðustofninn á Íslandsmiðum.

#### *Grálúða*

Lengdardreifing grálúðu er sýnd á 35. mynd. Nær öll árin er grálúða undir 40 cm hverfandi nema fyrsta árið, en þá varð lítilsháttar vart við grálúðu á bilinu 35-40 cm sem var hluti af lengdardreifingu árgangsins frá árinu 1981 sem ásamt árgangi 1980, myndar kúf við 45 cm. Þessum árgöngum má svo fylgja í lengdardreifingunni næstu árin og eru þeir komnir fast að 60 cm árið 1989. Árið 1990 ber lítið á þessum árgöngum á athugunarsvæði stofnmælingarinnar og sama er upp á teningnum árið 1991. Lengdardreifingin er mest á bilinu 40-60 cm en enga áberandi árganga er unnt að sjá í sýnunum þessi ár. Þó virðist verða hliðrun á lengdardreifingunni árin 1992 og 1993. Heildarfjöldi grálúðu á svæðinu er breytilegur frá ári til árs og er það bæði háð árgangastyrk og göngum inn og út af svæðinu, en stofnmælingin nær aðeins til hluta af útbreiðslusvæði grálúðunnar og gefur þar af leiðandi takmarkaða mynd af ástandi stofnsins.

### *Hrognkelsi*

Lengdardreifing hrognkelsis eftir kynjum er sýnd á 36. mynd. Lengdardreifing rauðmaga myndar hámark um eða rétt yfir 30 cm öll árin. Hæð þessa hámarks er þó mjög breytileg frá einu ári til annars og vísbending um breytileika í stofnvísitölu. Lengdardreifing grásleppu myndar hámark um og yfir 40 cm. Fyrstu árin nær hámarkið yfir tiltölulega breitt lengdarbil eða allt upp undir 45 cm. Frá 1990 hefur hámarkið yfirleitt verið rétt undir 40 cm og jafnframt hefur það hjaðnað verulega.

### *Tindaskata*

Svipað og með sandkola og skrápflúru hefur lengdardreifing tindaskötu lítið breytst á rannsóknatímanum (37. mynd). Öll árin er toppur í lengdardreifingunni við rúmlega 50 cm lengd. Þá má glögglega sjá annan topp nær öll árin við 12 cm lengd. Árið 1990 má greina topp við 12 cm sem fylgja má eftir næstu árin. Árið 1991 er hann við 22 cm, 1992 nálgast hann 30cm og 1993 er hann við 37cm. Þegar lengdardreifing tindaskötu er skoðuð í heild verður ekki annað séð en að nýliðun í stofninn virðist góð.

## **3.6. Útbreiðsla**

Hér er fjallað um útbreiðslu 25 tegundum á öllum rannsóknatímanum þ.e. 1985 - 1994. Í meðfylgjandi útbreiðslumyndum er meðalafli hverrar tegundar (fjöldi fiska á togmílu) í hverjum tilkynningarskyldureit táknaður með hring þar sem þvermál hringins stendur í réttu hlutfalli við magnið (fjöldann). Hringurinn er síðan teiknaður í miðju tilkynningarskyldureitsins. Mismunandi kvarði er notaður eftir tegundum, þvermál hringja fyrir þorsk, ýsu, ufsa, gullkarfa og skrápflúru tákna tvöfalt meira magn (0.25 tommur = 100 fiskar) en þvermálið hjá öðrum tegundum (0.5 tommur=100 fiskar). Hafa verður í huga að útbreiðslukort þau sem hér eru birt falla ekki alltaf saman við veiðislóðir viðkomandi tegunda eins og sjómenn þekkja þær. Hér er sett fram útbreiðsla hvers stofns í heild en ekki aðeins veiðistofns, ungvíði er oft stórt hlutfall af fjölda í hverju togi. Einnig er rétt að benda á að veiðarfærið nær misjafnlega til tegunda, ungvíðis eftir tegundum og togstöðvar voru upprunalega settar út með tilliti til útbreiðslu þorsks.

### *Þorskur*

Útbreiðsla þorsks (38. mynd) er eins og kunnugt er allt í kringum landið. Í fjölda, þar sem ungvíði er stórt hlutfall, er magnið mest á uppeldisstöðvum þorskins fyrir norðurlandi. Áberandi er munur í magni og útbreiðslu fyrir 1989 og á árunum þar á eftir. Árgangarnir frá 1983 og 1984 voru stór hluti stofnsins fyrir 1989, en eftir það kemur greinilega fram hin lélega nýliðun seinni ára. Við skoðun þessara mynda verður í huga að veiðanleiki þorsks í botnvörpu er mun minni á suðursvæði en á norðursvæði.

### *Ýsa*

Eins og sjá má á 39. mynd, og alkunna er, er ýsan algeng allt í kringum landið en þó mest áberandi við Suðurströndina. Svo sem sjá má á myndunum er þó sum árin verulegt magn (fjöldi) ýsu fyrir norðurlandi. Þetta á einkum við þegar stórir árgangar eru að vaxa upp fyrir Norðurlandi og ýsa yngri en 2-3ja ára er megin uppistaða stofnsins í fjölda.

### *Ufsi*

Ufsi fæst allt í kringum landið en mjög er breytilegt frá ári til árs hvar hann er að finna í mestu magni hverju sinni (40. mynd). Þetta er í samræmi við þekkta hegðun ufsans. Ufsi er mikill flökkufiskur og ferðast gjarnan í torfum uppi í sjó, þannig að verulegri tilviljun er háð hvar og hvort hann veiðist í botnvörpu. Stundum veiðist hann því í miklu magni þegar hittist á hann. Útbreiðslumyndirnar gefa því takmarkaða mynd af raunverulegum kjörsvæðum ufsans.

### *Lýsa*

Lýsa fæst eingöngu í hlýja sjónum á svæðinu frá Hvalbak að Horni og er mest áberandi undan Suðurströndinni (41. mynd). Lýsa fæst þó á einstaka stöðum undan Norður- og Austurlandi sum árin, einkum þó í Húnaflóa. Mun meira virðist nú um lýsu en var við upphaf athugunartímabilsins.

### *Gullkarfi*

Eins og sést á 42. mynd finnst gullkarfi víða kringum landið. Langmest er þó um hann V- og SV-lands, einkum á dýpstu togstöðvum, og einnig talsvert fyrir norðan land (einkum ungvíði). Ef borin eru saman fyrstu þrjú ár rannsóknartímabilsins (1985-1989) við seinni hluta tímabilsins kemur skýrt fram sú hnignun sem orðið hefur á gullkarfastofninum hin síðari ár, bæði hvað varðar magn og útbreiðslu. Þetta á einkum við á veiðisvæðum V- og SV-lands.

### *Djúpkarfi*

Meginútbreiðsla djúpkarfa (43. mynd) er utan við athugunarsvæði stofnmælingarinnar. Á rannsóknasvæðinu er hann mest áberandi djúpt SA- og SV af landinu sem er í samræmi við þekktar veiðislóðir. Síðustu 4-5 ár rannsóknartímabilsins er djúpkarfi í mun minna magni á rannsóknasvæðinu en árin þar á undan, og er þetta í samræmi við minnkandi karfaveiði á grunnslóð undanfarin ár.

### *Litli karfi*

Litli karfi fæst eingöngu í hlýja sjónum á svæðinu frá Hvalbak að Horni og er mest áberandi undan SV- og SA ströndinni (44. mynd). Útbreiðslan er mjög svipuð á athugunartímabilinu en veruleg aukning virðist hafa orðið á magni hin síðari ár.

### *Steinbítur*

Mest er af steinbít á Vestfjarðamiðum, eins og alþekkt er, einkum á grunnslóð. Steinbítur veiðist lítt S- og SV lands en reitingur er af honum á miðum N- og A-lands en þar er aðallega um smærri uppvaxandi steinbít að ræða (45. mynd).

### *Hlýri*

Hlýri fæst langmest í kalda sjónum fyrir Norður- og Austurlandi og algengastur á djúpslóðinni út af NA-land (46. mynd). Nokkuð er þó af hlýra vestur af landinu en hans verður ekki vart ekki út af Suðurströndinni. Magn og útbreiðsla hlýra virðist svipað á

öllum athugunartímanum.

### *Langa*

Þótt fræðibækur segi að löngu sé að finna allt í kringum landið virðist það varla standast skv. 47. mynd. Þar má sjá að norðan lands og austan veiðist hún varla og frá Horni að Hvalbak er næstum auður sjór að sjá hvað lönguna varðar öll ár stofnmælingarinnar. Langa fæst annars í hlýja sjónum frá SA-landi, vestur um og norður fyrir Vestfirði. Hún er lítt á grynntu slóðinni en mest út í köntum sunnanlands og á Víkurálssvæðinu. Ekki er að sjá merkjanlegan mun á útbreiðslunni á athugunartímabilinu.

### *Blálanga*

Blálöngu er nær eingöngu að finna í djúpköntum SV-lands og þar er hún á tiltölulega afmörkuðum blettum. Vottur er og af henni á djúpu vatni SA-lands og í Rósagarðinum og sum árin djúpt út af Vestfjörðum(48. mynd). Hún fæst hins vegar aðeins örsjaldan fyrir norðan og austan land. Vitað er að blálöngu er einnig að finna á mun meira dýpi en rannsóknasvæðið nær til.

### *Keila*

Af meðfylgjandi útbreiðslumynd (49. mynd) sést að keilu verður vart víðast hvar kringum landið bæði djúpt og grunnt. Magnið er þó yfirleitt mjög lítið. Tiltölulega mest virðist þó vera af henni austan og vestan lands en minna norðan og sunnan lands. Það sem finnst af keilu N og NA-lands mun og að mestu vera smá ókynþroska keila sem lítt kemur í venjuleg veiðarfæri.

### *Skarkoli*

Mest fæst af skarkola á grunnslóð V-lands og lítið við suðurströndina. Vitað er þó að töluvert er af skarkola við Suðurströndina en staðsetning togstöðva, sem upprunanlega var miðuð við útbreiðslu þorsks, virðist ná illa til skarkola á þessu svæði. Norðanlands verður hans einnig vart, mest innfjarða, í Eyjafirði, Skagafirði og Húnaflóa (50. mynd).

### *Þykkvalúra*

Þykkvalúra fæst nær eingöngu í hlýja sjónum undan Suður- og Vesturlandi, þó verður hennar vart öll árin í einstaka togum á öðrum svæðum (51. mynd). Sama gildir um þykkvalúrunna og flestar aðrar flatfiskategundir að staðsetning togstöðva og veiðarfærið ná illa til útbreiðslunnar. Ekki er að sjá merkjanlegan mun á útbreiðslu né magni á athugunartímabilinu.

### *Langlúra*

Langlúra er algengust í hlýja sjónum undan S- og SV ströndinni. Hennar verður þó víða vart fyrir Norðurlandi en aðeins í eintaka tilfellum út af Austurlandi (52. mynd). Helstu veiðisvæði langlúru eru á afmörkuðum svæðum undan Suðurströndinni. Togstöðvar virðast ekki vera á þessum svæðum og veiðarfærið nær einnig illa til langlúrunnar. Útbreiðslumyndirnar sýna þó greinilega þá minnkun sem orðið hefur á stofninum frá því

að stofnmælingar hófust.

### *Stórkjafta*

Stórkjafta fæst eingöngu í hlýja sjónum undan Suðurströndinni og er langmest áberandi út af SV-landi á meira dýpi en aðrar flatfiskategundir á svæðinu (53. mynd). Ekki er merkjanlegur munur í magni né útbreiðslu á athugunartímabilinu.

### *Sandkoli*

Sandkoli fæst nær eingöngu í hlýja sjónum undan S- og SV ströndinni og er langmest áberandi á grunnslóð frá Stokksnesi að Snæfellsnesi (54. mynd). Sandkoli er þó nokkuð algengur á út af Vestfjörðum og á Breiðafirði. Í kalda sjónum fyrir Norðurlandi fæst sandkoli í einstaka togum, þá einkum inn á fjörðum og sum árin í nokkru magni inni á Húnaflóa. Útbreiðsla á athugunartímabilinu virðist mjög svipuð en magnið nokkuð breytilegt.

### *Skráplúra*

Um skráplúru má segja að hún sé algengasti flatfiskurinn við landið. Óvíða er mjög mikið um hana en ætíð reitingur, hvort heldur er á djúpslóð eða grunnmiðum. Einna mest fæst þó af henni á grunnslóð norðan og norðaustan lands og minnst út af Breiðafirði og Faxaflóa (55. mynd). Helstu veiðisvæði skráplúru í dragnót eru þó við Suðurströndina á svæðum sem stofnmælingin nær ekki til. Útbreiðslan er mjög svipuð allt rannsóknatímabilið, þó virðist meir af skráplúru undan Suðurströndinni hin síðari ár.

### *Lúða*

Lúðuafli í stofnmælingu botnfiska er sáralítill. Þó verður vart við lúðu víðast hvar umhverfis landið, en lítið á djúpslóð norðan lands og austan. Mest er um lúðuna á Vestfjarðamiðum, úti fyrir Breiðafirði og í Faxaflóa á fyrstu árum rannsóknatímabilsins (56. mynd). Greina má á útbreiðslumyndunum að magn lúðu á athugunarsvæðinu hefur farið minnkandi frá árinu 1985 og einkum eftir 1990.

### *Grálúða*

Stofnmælingin nær aðeins til lítils hluta af útbreiðslusvæði grálúðunnar og gefur því mjög takmarkað mynd af raunverulegri útbreiðslu hennar. Hún fæst nær eingöngu í kalda sjónum frá Horni að Stokksnesi, mest áberandi útaf NA-landi og í Rósagarðinum, mest á djúpslóð en einnig á grynna vatni út af Norðurlandi (57. mynd). Ekki er að sjá merkjanlegan mun á útbreiðslu né magni á athugunartímabilinu.

### *Gullax*

Gullax fæst nær eingöngu í hlýja sjónum á svæðinu frá Hvalbak að Horni og er mest áberandi djúpt SA- og SV af landinu (58. mynd). Gullax hefur þó fengist einstaka sinnum undan Norðurlandi, sérstaklega árið 1986. Gullax fæst einstaka sinnum í töluverðu magni, en vegna lífshátta tegundarinnar er ekki líklegt að útbreiðlumyndir af þessu tagi gefi marktækar upplýsingar um hvar gullax er einkum að finna.



### *Hrognkelsi*

Hrognkelsi er mest áberandi á kalda sjónum undan Norður- og Austurlandi (59. mynd). Tölvvert fæst þó undan Vesturlandi en sáralítið undan Suðurströndinni. Hrognkelsi fæst bæði á grunn- og djúpslóð en hvergi í miklu magni. Ekki er að sjá að augljósar breytingar hafi orðið á útbreiðslu né magni á rannsóknatímabilinu .

### *Síld*

Augljóst er að fjöldi veiddra sílda í stofnmælingu botnfiska gefur enga mynd af raunverulegri útbreiðslu síldar. Hinsvegar getur verið forvitnilegt að vita hvar síld fæst í leiðöngrum af þessu tagi og því eru "útbreiðslumyndir" síldar láttnar fylgja hér með. Mest fæst af síld undan S og SA-ströndinni og innfjarða norðanlands. Síldar verður þó vart allvíða á rannsóknsvæðinu og mjög breytilegt frá ári til árs hvar hún finnst (60. mynd, síldarafi var ekki skráður í fyrsta leiðangri árið 1985).

### *Spærlingur*

Spærlingur fæst nær eingöngu í hlýja sjónum á svæðinu frá Hvalbak að Horni og er mest áberandi undan SV ströndinni (61. mynd). Hans hefur þó orðið vart undan Norðurlandi einkum þó árin 1986 og 1987. Mun meira magn spærlings var að finna á rannsóknsvæðinu fyrstu fjögur árin, en frá árinu 1989 virðist magnið hafa verið svipað.

### *Tindaskata*

Tindaskatan fæst allt í kringum landið (62. mynd). Hún virðist þó algengust í kalda sjónum Norðanlands, en fæst þó sum árin í töluverðu magni Sunnanlands.

## **3.7. Stofnvísitölur**

Reikna má vísitölur stofnstærðar á marga vegu. Hér hefur verið notuð svokölluð Gamma-Bernoulli (Γ-B) aðferð. Aðferðin byggist á því að meta fyrst útbreiðslu tegundar og síðan magn á þeim svæðum þar sem tegundin heldur sig.

Þannig er notað eitt líkan til að lýsa líkunum á því að fá t.d. þriggja ára þorsk á tiltekinni stöð. Hér er í reynd smíðuð ný "mæling", sem er núll eða einn eftir því hvort tegundin kom fyrir á stöðinni eða ekki, en slíkar mælingar nefnast Bernoulli-mælingar. Mælingunum er síðan lýst með tilteknu útvíkuðu línulegu líkani (*Generalized Linear Model* eða *Generalized Additive Model*). Unnt er að taka tillit til ýmissa þátta í þessu sambandi, s.s. veðurfars, hitastigs og dýpis, en í eftirfarandi niðurstöðum hefur verið notast við staðsetningu eingöngu.

Síðan er notað annað líkan til að lýsa aflamagni á þeim stöðvum, þar sem tegundin veiddist. Ljóst er að aflamagn er mjög breytilegt og getur í einstöku togum verið mjög mikill afli, þótt að jafnaði sé hann aðeins nokkrir fiskar. Þar er því reiknað með því að fjöldi fiska í togi lúti gamma dreifingu.

Heildarmagn af tegund á tilteknum stað má síðan reikna sem margfeldi af líkum á því að

fá tegundina sinnum magn þegar eitthvað fæst. Þannig er notað samsett dreifing sem hefur verið nefnd Γ-B dreifingin. Eftir að heildarmagn á hverjum stað hefur verið reiknað er heildarmagn á öllu svæðinu fundið með samlagningu einstakra gilda.

Vísitölur þorsks og ýsu eru aldursgreindar og einnig reiknaðar fyrir suður- og norðursvæði auk rannsóknasvæðisins í heild (9.-10. tafla). Til samanburðar við Γ-B-vísitöluna er sýnd fyrri SMB-vísitala (COCHRAN) fyrir þorsk og ýsu, sbr. 12.-13. töflu. Vísitölur annarra tegunda eru reiknaðar fyrir mismunandi lengdarflokka eða eftir kynjum (11. tafla). Eftirfarandi myndir sýna vísitölur á öllu rannsóknasvæðinu.

#### *Þorskur*

Vísitölur eins til þriggja ára þorsks gefa til kynna nýliðun stofnsins en vísitala fjögurra ára og eldri fisks sýnir þróun veiðistofns (63. mynd). Augljóst er að nýliðun var tiltölulega góð fyrstu ár tímabilsins þegar árgangar 1983 og 1984 voru eins til þriggja ára. Árgangur 1985 virtist einnig lofa góðu sem ungvíði en hefur ekki staðið undir þeim væntingum. Yngri árgangar hafa allir verið tiltölulega slakir og jafnvel afbrigðilega lélegir, svo sem árgangur 1991.

Vísitala veiðistofnsins var óvenjulega sveiflukennd fyrstu 3 árin þegar hún minnkaði fyrst um 50% og stækkaði síðan aftur um svipað hlutfall. Stofnvísitalan var há 1988-1989 (yfir 200 milljónir fiska) en féll síðan snögglega árið 1990 og hefur farið heldur lækkandi síðan. Heildarþróun vísitölu veiðistofns sýnir því mikinn samdrátt stofnsins á síðari helmingi tímabilsins 1984-94.

#### *Ýsa*

Nýliðun ýsu einkennist af sterkum árgöngum árin 1984-85 og 1989-1990 svo sem vísitölur eins til þriggja ára ýsu bera með sér (63. mynd). Vísitala veiðistofnsins var ört vaxandi tímabilið 1985 til 1989, þegar vísitalan rúmlega fjórfaldaðist. Næstu 3 árin minnkaði vísitalan ört en hefur vaxið á ný síðustu 2 árin og var nánast jafnhá árin 1994 og 1989.

#### *Gullkarfi*

Vísitölur tveggja minni lengdarflokka gullkarfa eru vísbending um nýliðun stofnsins (63. mynd). Samkvæmt því hefur nýliðun verið talsvert betri seinni hluta tímabilsins miðað við fyrri hluta þess. Vísitölur 21-32 cm fisks síðustu 2 árin eru þær hæstu sem sést hafa, en þessi fiskur ætti að skila sér inn í veiðistofninn á allra næstu árum.

Vísitala veiðistofnsins (fiskur >32 cm) var tiltölulega há fyrstu 3 ár tímabilsins, en hefur minnkað nánast samfellt síðan og er nú tæpur helmingur vísitölnunnar við upphaf þess.

#### *Djúpkarfi*

Nýliðunarsvísitölur djúpkarfa (<22 cm og 23-31 cm) voru tiltölulega háar fyrstu 4 ár tímabilsins en lækkuðu síðan mjög mikið og voru í lægð allt til ársins 1994 þegar vísitala 23-31 cm djúpkarfa varð skyndilega hærri en fyrr hafði mælst (64. mynd). Þessi snögga

breyting gefur til kynna að stofnmælingin nái til misstórs hluta stofnsins hverju sinni og sé því ekki óbrigðull mælikvarði á þróun stofnsins.

Vísitala veiðistofnsins (>32 cm) var tiltölulega há fyrstu 4-6 ár tímabilsins en hefur lækkað síðan, einkum síðustu 2-3 árin.

Enda þótt álykta verði að þessar vísitölur gefi skekkt mynd af ástandi stofnsins einstök ár, er þó ekki útilokað að þær gefi nothæfa vísbendingu um heildarþróun hans til lengri tíma litið. Sé það raunin hefur þróun stofnsins verið afar óhagstæð á síðustu árum.

#### *Litli karfi*

Stofnvísitölur litla karfa hafa sveiflast tiltölulega mikið á rannsóknatímanum en hafa þó farið heldur vaxandi (64. mynd).

#### *Steinbítur*

Vísitölur uppvaxandi steinbíts (<30 cm og 30-49 cm) hafa þróast nánast eins allt tímabilið (64. mynd). Vísitölurnar fóru lækkandi fyrstu árin en hafa vaxið stöðugt síðustu 4 árin. Vísitala veiðistofnsins hefur á hinn bóginn farið lækkandi yfir tímabilið í heild og var síðustu 2 árin um það bil 2/3 vísitölnnar við upphaf tímabilsins.

#### *Hlýri*

Nýliðunarvísitala hlýra (<30 cm) hefur farið vaxandi þegar litið er á tímabilið í heild og var mun hærrí síðustu 3 árin en áður (65. mynd). Vísitala 30-49 cm fisks var fremur stöðug til ársins 1990 en hefur vaxið síðan. Vísitala veiðistofns (>49 cm) hefur verið tiltölulega stöðug allt tímabilið en hækkað þó verulega 1994.

#### *Langa*

Vísitala löngu minni en 60 cm fór heldur vaxandi fyrstu ár tímabilsins allt til ársins 1989 en hefur farið lækkandi síðan (65. mynd). Vísitölur annarra stofnhluta hafa þróast með sambærilegum hætti, þ.e. farið heldur lækkandi þegar litið er á þróunina í heild. Ekki er talið að stofnmæling botnfiska nái til alls útbreiðslusvæðis löngu. Þrátt fyrir það er ekki útilokað að stofnvísitölur gefi viðunandi mynd af þróun stofnsins, enda þótt túlka verði niðurstöður með varúð.

#### *Blálanga*

Nýliðunarvísitala blálöngu (<40 cm) hefur sveiflast nokkuð en var þó í heild hærrí fyrri hluta tímabilsins heldur en síðari hluta þess (65. mynd) Vísitölur annarra stofnhluta þróuðust með líkum hætti, þ.e. þær voru í hámarki árið 1988-89 en tiltölulega stöðugar á öðrum tíma. Talið er að útbreiðslusvæði blálöngu sé að stórum hluta utan athafnasvæðis stofnmælingarinnar. Stofnvísitölur ber því að túlka með varúð.

#### *Keila*

Nýliðunarvísitala keilu (<30 cm) var í hámarki 1989 en hefur lækkað samfellt síðan (66.

mynd). Vísitala 30-43 cm keilu hefur tekið tiltölulega litlum breytingum á þessu 10 ára tímabili. Vísitala veiðistofnsins (>43 cm) var fremur há fyrstu árin en hefur verið mun lægri síðustu fjögur árin. Þróun stofnsins hefur því verið fremur neikvæð í heild.

#### *Skarkoli*

Nýliðunarvísitala skarkola (<30 cm) var óvenju há árið 1985 en hefur verið tiltölulega jöfn síðan (66. mynd). Síðustu fjögur árin hefur vísitalan þó verið heldur hærri en áður. Vísitala 30-39 cm skarkola var einnig óvenju há árið 1985 og enn mjög há ári síðar. Eftir það hefur vísitalan tekið fremur litlum breytingum. Vísitala veiðistofnsins (>39 cm) var og há árið 1985 en lækkaði síðan ört. Frá 1989 hefur vísitala veiðistofnsins verið tiltölulega stöðug en þó með lægsta móti árið 1994.

#### *Þykkvalúra*

Nýliðunarvísitala þykkvalúru (<28 cm) var tiltölulega stöðug og ekki um vaxandi eða minnkandi tilhneigingu að ræða (66. mynd). Vísitala 28-35 cm fisks var hins vegar talsvert hærri fyrstu ár tímabilsins heldur en þau síðari, að árinu 1994 undanskildu. Vísitala veiðistofns (>35 cm) hefur tekið fremur litlum breytingum, en þó farið heldur lækkandi.

#### *Langlúra*

Nýliðunarvísitala langlúru (<32 cm) var mjög há fyrsta árið en tiltölulega jöfn eftir það (67. mynd). Vísitölur 30-44 cm fisks og veiðistofns (>39 cm) hafa þróast með svipuðum hætti. Þær fóru ört lækkandi fyrri helming tímabilsins en hafa verið tiltölulega stöðugar síðan.

#### *Stórkjasta*

Nýliðunarvísitala stórkjöftu var tiltölulega há fyrstu 5 til 6 ár tímabilsins (67. mynd) en lækkaði síðan mjög og hefur verið mjög lá síðustu 2 ár. Vísitala 25-39 cm stórkjöftu hækkaði verulega fyrstu árin og náði hámarki 1989, en hefur lækkað mikið síðan 1991. Hliðstæð þróun hefur átt sér stað hvað varðar veiðistofninn (>39 cm).

#### *Sandkoli*

Nýliðunarvísitala sandkola (<20 cm) hefur verið talsvert breytileg en var í hámarki síðustu 2 árin (67. mynd). Vísitala 21-29 cm sandkola hefur einnig sveiflast verulega, en var þó hærri fyrri hluta tímabilsins en síðari hluta þess. Vísitala veiðistofns (<29 cm) var einnig nokkru lægri síðustu ár.

#### *Skrápflúra*

Vísitölur yngri stofnhluta skrápflúru (<21 cm og 21-32 cm) hafa vaxið talsvert á allra síðustu árum (68. mynd) og voru í hámarki árið 1994. Vísitala veiðistofns (>32 cm) hefur á hinn bóginn verið tiltölulega mjög stöðug allt tímabilið

### *Hrognkelsi*

Stofnvísitala grásleppu var tiltölulega fyrstu sex á rannsóknatímans (68. mynd) en hefur verið talsvert lægri og breytilegri síðustu ár. Vísitala rauðmaga hefur sveiflast mun meira allt tímabilið án sérstakrar tilhneigingar á einn eða annan veg.

### *Tindaskata*

Nýliðunarvísitala tindaskötu (<30 cm) var mjög jöfn fyrstu 4 ár tímabilsins (68. mynd), en hefur verið talsvert hærrí síðan og hæst árið 1994. Vísitala 30-44 cm fíks hefur verið tiltölulega jöfn allt tímabilið og hliðstæð þróun hefur einkennt veiðistofn tindaskötu.

Þeir fiskstofnar sem hér hefur verið fjallað um eru flestir í hópi nytjastofna. Þróun flestra þeirra verður að teljast fremur neikvæð og jafnvel mjög neikvæð. Þetta á ekki síst við um mikilvæga stofna eins og þorsk, gullkarfa og djúpkarfa, enda þótt vísitala djúpkarfa sé nokkurri óvissu háð. Ýmsir minni nytjastofnar eins og steinbítur, keila, skarkoli og langlúra hafa einnig látið verulega á sjá á síðustu árum samkvæmt þessum stofnvísitölum. Eini markverði nytjastofninn sem sýnir jákvæða þróun á síðustu árum er ýsan. Af öðrum stofnum sem ekki hafa látið undan síga má nefna hlýra, skrápflúru og tindaskötu, en þeir teljast ekki til sérstakra nytjastofna. **Sú heildarniðurstaða sem hér liggur fyrir bendir því til þess að sóknin í nánast alla botnlæga nytjastofna Íslandsmiða sé mun meiri en stofnarnir megni að standa undir til langframa.**

### **3.8. Lengdar-þyngdarsamband þorsks, ýsu og ufsa**

Fiskur var fyrst vigtaður í stofnmælingu botnfiska árið 1987 fyrir Norðurlandi og árið eftir fyrir Suðurlandi. Í hverjum leiðangri voru vigtaðir um 20 fiskar í hvert 5 cm lengdarbil á hvoru svæði til ársins 1992.

Í stofnmælingu 1993 var tekin í notkun ný gerð af "sjóvogum" sem vigta með 1 g nákvæmni (áður var vegið með 5-10 g nákvæmni). Frá 1993 hefur allur kvarnaður þorskur, ýsa og ufsi jafnframt veginn óslægður og slægður auk þess sem lifur er vegin. Í leiðangrinum 1994 voru kynkirtlar þorsks á kynþroskastigi 2 og 3 einnig vegin.

Við útreikninga á lengdar-þyngdarsambandi er notuð hefðbundin aðferð. Gert er ráð fyrir að sambandið  $P = a * L^b$  gildi og stuðlarnir  $a$  og  $b$  fundnir með því að beita línulegri aðhvarfsgreiningu á "log-transformerðu" gildi. Lengdar-þyngdarsamband er reiknað fyrir óslægðan og slægðan fisk og sýna eftirfarandi töflur niðurstöðurnar frá því mælingar hófust:

*Þorskur*

SLÆGT				
Suðursvæði			Norðursvæði	
Ár	a	b	a	b
1987	-	-	0.006	3.052
1988	0.006	3.064	0.005	3.097
1989	0.003	3.207	0.005	3.079
1990	0.003	3.199	0.005	3.088
1991	0.012	2.903	0.005	3.113
1992	0.010	2.940	0.005	3.117
1993	0.007	3.039	0.006	3.079
1994	0.006	3.068	0.005	3.118

ÓSLÆGT				
Suðursvæði			Norðursvæði	
Ár	a	b	a	b
1987	-	-	0.005	3.166
1988	0.003	3.241	0.005	3.165
1989	0.002	3.396	0.004	3.188
1990	0.002	3.352	0.005	3.120
1991	0.009	3.015	0.005	3.127
1992	0.006	3.130	0.005	3.184
1993	0.005	3.157	0.005	3.170
1994	0.004	3.188	0.004	3.185

Munur á lengdar-þyngdarsambandi þorsks frá ári til árs er tölfræðilega marktækur (norðursvæði - slægt). Þyngd eftir lengd á norðursvæði var í lágmarki á árunum 1989 - 1991, náði hámarki 1992 og lækkaði aftur 1993 og hefur haldist svipuð 1994. Þessi munur er þó óverulegur. Hafa verður í huga að gögnin 1993 og 1994 eru ekki fyllilega sambærileg við fyrri gögn. Einnig er marktækur munur milli norður og suðursvæðis miðað við slægðan fisk. Samanburður á lengdar-þyngdarsambandi óslægðs fisks frá ári til árs eða á milli svæða er vart raunhæfur þar sem magafylli hefur þar veruleg áhrif.

Ef gögn eru sameinuð fyrir öll árin fást eftirfarandi niðurstöður:

Norðursvæði	Suðursvæði
$P_{slægt} = 0.005 * L^{3.102}$	$P_{slægt} = 0.007 * L^{3.035}$
$P_{óslægt} = 0.005 * L^{3.173}$	$P_{óslægt} = 0.005 * L^{3.158}$

Ef öll gögn eru sameinuð fást eftirfarandi niðurstöður:

$$P_{slægt} = 0.0051 * L^{3.097}$$

$$P_{óslægt} = 0.0045 * L^{3.175}$$

*Ýsa*

SLÆGT				
Suðursvæði			Norðursvæði	
Ár	a	b	a	b
1993	0.006	3.088	0.004	3.166
1994	0.005	3.123	0.005	3.140

ÓSLÆGT				
Suðursvæði			Norðursvæði	
Ár	a	b	a	b
1993	0.006	3.133	0.004	3.188
1994	0.005	3.165	0.005	3.162

Samkvæmt ofangreindu lengdar-þyngdarsambandi er ýsa minni en 60 cm þyngri eftir lengd á suðursvæði en stærri ýsan þyngri á norðursvæði. Hugsanlegt er að þetta stafi af mismunandi kynþroskastigi og hrygningargöngum. Þessi munur er óverulegur, en þó tölfraðilega marktækur. Lítil munur virðist á þyngd ýsu eftir lengd árið 1993 og 1994.

Ef gögn eru sameinuð fyrir öll árin fást eftirfarandi niðurstöður:

Norðursvæði	Suðursvæði
$P_{slægt} = 0.005 * L^{3.151}$	$P_{slægt} = 0.005 * L^{3.117}$
$P_{óslægt} = 0.005 * L^{3.173}$	$P_{óslægt} = 0.005 * L^{3.160}$

Ef öll gögn eru sameinuð fást eftirfarandi niðurstöður:

$$P_{slægt} = 0.0047 * L^{3.138}$$

$$P_{óslægt} = 0.0048 * L^{3.170}$$

*Ufsi*

SLÆGT				
Suðursvæði			Norðursvæði	
Ár	a	b	a	b
1993	0.012	2.896	0.013	2.858
1994	0.009	2.951	0.012	2.910

ÓSLÆGT				
Suðursvæði			Norðursvæði	
Ár	a	b	a	b
1993	0.011	2.967	0.012	2.924
1994	0.006	3.094	0.011	2.941

Slægður 60 - 80 cm ufsi á suðursvæði er um 4-8 % þyngri eftir lengd en á norðursvæði. Þessi munur fer minnkandi með minnkandi lengd og er tölfraðilega marktækur. Hafa verður þó í huga að sýnataka og breytileiki innan svæða getur haft áhrif á þennan samanburð. Ufsi stærri en 80 cm mældist þyngri eftir lengd 1994 en árið á undan en minni ufsi virðist mjög svipaður bæði árin.

Ef gögn eru sameinuð fyrir öll árin fást eftirfarandi niðurstöður:

Norðursvæði	Suðursvæði
$P_{slægt} = 0.012 * L^{2.889}$	$P_{slægt} = 0.010 * L^{2.926}$
$P_{óslægt} = 0.011 * L^{2.934}$	$P_{óslægt} = 0.008 * L^{3.035}$

Ef öll gögn eru sameinuð fást eftirfarandi niðurstöður:

$$P_{slægt} = 0.011 * L^{2.912}$$

$$P_{óslægt} = 0.009 * L^{2.994}$$

### 3.9. Holdastuðull þorsks

Holdastuðull (þyngd slægt/lengd í þriðja veldi) getur verið mælikvarði á næringarlegt ástand fisks að því gefnu að lögun fisksins á því lengdarbili sem verið er að skoða sé eins (vöxturinn "isométrískur"). Einnig getur lögun einstaklinga og eða stofnhluta verið mismunandi og slíkt komið fram í holdastuðli. Hann er þá ekki mælikvarði á næringarástand. Þegar nota á holdastuðul sem mælikvarða á næringarástand verður að hafa ofangreint í huga og einng að holdastuðull fisks sem er að þroska kynkirtla er ekki sambærilegur við ókynþroska fisk.

Til að bera saman holdstuðul frá ári til árs úr gögnum sem safnað hefur verið í SMB voru valin gögn fyrir mið-norðurlandi, þar sem gagnasöfun á norðursvæði var takmörkuð við það svæði á árunum 1988-92. Valið var lengdarbilið 40-60 cm og einungis ókynþroska fiskur. Notað er tiltölulega afmarkað svæði til að forðast áhrif mismunandi formgerðar innan stofnsins. Þó er ekkert sem útilokar að fiskur með mismunandi form ferðist til og frá svæðinu og að þessar ferðir séu breytilegar frá ári til árs.

Holdastuðull á norðursvæði, unnin úr ofangreindum gögnum, var mjög svipaður á árunum 1987 og 1988, lækkaði síðan í lágmark árið 1990, var í hámarki 1992 og lækkaði síðan aftur 1993 og mælist óbreyttur 1994, sbr. eftirfarandi töflu.



